



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 14. júní 2022

2204025SA GB
Málalýkill: 00.61

**Efni: Tilnefning í samráðs- og viðbragðsteymi íslenskra
stjórnvalda fyrir börn á flóttu (óháð upprunalandi)**

Vísað er til erindis dags. 31. maí sl. þar sem ráðuneytið óskar eftir tilnefningu á fulltrúa í samráðs- og viðbragðsteymi fyrir börn á flóttu.

Teyminu er falið það hlutverk að vakta stöðuna með hliðsjón af réttindum og velferð þeirra barna sem um ræðir, veita ráðleggingar varðandi viðbrögð stjórnvalda og aðstoð á alþjóðlegum vettvangi, jafnt sem því að samræma aðgerðir og veita ráðleggingar um móttöku barna á flóttu hér á landi. Meðal hlutverka teymisins verður einnig að vinna hagsmunamat út frá réttindum barna á aðgerðum stjórnvalda fyrir börn á flóttu hér á landi.

Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir Maríu Ingibjörgu Kristjánsdóttur, félagsþjónustufulltrúa, og Þórð Kristjánsson, sérfræðing í fræðslumálum, til setu í teyminu. Það þeirra sem ekki verður valið til setu í teyminu verður varamaður fulltrúa sambandsins. Af hálfu sambandsins þykir tilefni til að lýsa ánægju með skipan þessa teymis og er þess vænst að árangur verði af starfi þess.

Beðist er velvirðingar á því að dráttur hefur orðið á að bregðast við erindinu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs